

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur um biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum.

1. *Hversu margir einstaklingar, sem hafa farið í gegnum færni- og heilsumat, eru á biðlista eftir varanlegu hjúkrunar- og dvalarrými (fyrsta val á heimili), sundurliðað eftir heimilum sem fá greidd daggjöld frá Sjúkratryggingum Íslands?*
2. *Hver er meðalbiðtími þeirra sem eru á biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrými, sundurliðað eftir hjúkrunar- og dvalarheimilum?*

Hinn 1. nóvember 2019 voru 390 einstaklingar á biðlista eftir varanlegu hjúkrunarrými og 80 á biðlista eftir varanlegu dvalarrými. Er þá miðað við að skráð hafi verið ósk um heimili og ekki sé um að ræða flutning milli heimila.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ásgerðar K. Gylfadóttur um stöðu á biðlistum, þskj. 631, 283. mál, voru tölur fengnar frá færni- og heilsumatsnefndum. Samkvæmt þeim tölum beið 491 eftir hjúkrunarrými en nefndirnar fengu ekki forsendur um hvaða skilyrði ætti að miða við til að telja á biðlista. Ætla má að það skýri mismuninn.

Sundurliðun eftir heimilum má sjá í eftirfarandi töflum.

Tafla 1: Fjöldi einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrými og meðalbiðtími í dögum, sundurliðað á hjúkrunarheimili 1. nóvember 2019.

Hjúkrunarheimili	Fjöldi á biðlista	Meðalbiðtími í dögum	Fjöldi sem beið hefur lengur en 90 daga
Ás, Hveragerði	4	250	3
Barmahlíð, Reykhólum	0	0	0
Brákarhlíð Borgarnesi	6	94	2
Dalbær, Dalvík	6	137	3
Droplaugarstaðir, Reykjavík	6	126	3
Dvalarheimilið Stykkishólmi	1	10	0
Eir, Reykjavík	9	69	2
Fellaskjól, Grundarfirði	3	87	1
Fellsendi, Dalasýslu	1	375	1
Grenilundur, Grenivík	1	31	0
Grund, Reykjavík	8	78	2
Hamrar, Mosfellsbæ	7	127	3
HSU Höfn, Hornafirði	2	10	0
HSU Selfossi	9	54	1
HSU Vestmannaeyjum	1	80	0
HVE Stykkishólmi	0	0	0
HVEST Patreksfirði	1	296	1
Hjallatún, Vík	0	0	0
HVEST Þingeyri – Tjörn	2	256	1
Seltjörn, Seltjarnarnesi	10	167	7

Hjúkrunarheimili	Fjöldi á biðlista	Meðalbiðtími í dögum	Fjöldi sem beðið hefur lengur en 90 daga
Hornbrekka, Ólafsfirði	0	0	0
Boðarþing, Kópavogi	13	105	4
Hrafnista Hlévangur	2	157	2
Hrafnista Hraunvangur	18	143	8
Ísafold, Garðabæ	21	74	8
Hrafnista Laugarás	24	96	10
Nesvellir, Reykjanesbæ	8	108	4
Sléttuvegur, Reykjavík	25	64	4
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2	196	2
HSA Dyngja, Egilsstöðum	7	154	4
HSA Fossahlíð, Seyðisfirði	2	183	2
HSA Neskaupstað	1	31	0
HSN Blönduósi	3	23	0
HSN Fjallabyggð	6	164	3
HSN Húsavík	4	694	4
HSN Sauðárkróki	7	527	7
Hulduhlíð, Eskifirði	5	154	3
Hvammur, Húsavík	5	182	2
HVE Hólmavík	0	0	0
HVE Hvammstanga	3	64	1
HVEST Berg, Bolungarvík	1	16	0
HVEST Eyri, Ísafirði	9	220	7
Höfði, Akranesi	29	162	17
Jaðar, Ólafsvík	1	140	1
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	2	24	0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0	0	0
Lundur, Hellu	2	157	1
Mörk, Reykjavík	37	190	24
Naust, Þórshöfn	0	0	0
Roðasalur, Kópavogi	3	182	2
Seljahlíð, Reykjavík	0	0	0
Silfurtún, Búðardal	0	0	0
Skjól, Reykjavík	4	94	1
Skógarbær, Reykjavík	7	108	4
Sóltún, Reykjavík	6	100	3
Sólvangur, Hafnarfirði	9	64	2
Sólvellir, Eyrarbakka	1	10	0
Sundabúð, Vopnafirði	0	0	0
Sunnuhlíð, Kópavogi	8	90	2
Sæborg, Skagaströnd	0	0	0
Uppsalur, Fáskrúðsfirði	1	86	0
Víðihlíð, Grindavík	4	243	4
Öldrunarheimili Akureyrar, Lögmannshlíð	8	287	5
Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð	25	281	16
Samtals	390		187

Tafla 2: Fjöldi einstaklinga á biðlista eftir dvalarrýmum og meðalbiðtími í dögum, sundurliðað á hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarheimili	Fjöldi á biðlista	Meðalbiðtími í dögum	Fjöldi sem beðið hefur lengur en 90 daga
Ás, Hveragerði	2	26	0
Brákarhlíð Borgarnesi	5	181	2
Dalbær, Dalvík	2	644	2
Fellaskjól, Grundarfirði	1	44	0
Grund, Reykjavík	1	60	0
Hrafnista Hraunvangur	2	493	2
Hrafnista Laugarás	1	185	1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	4	219	4
HSN Blönduósi	3	92	1
HSN Sauðárkróki	12	491	9
Hvammur, Húsavík	17	313	11
Höfði, Akranesi	11	212	8
Jaðar, Ólafsvík	2	107	1
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	2	251	2
Lundur, Hellu	2	10	0
Silfurtún, Búðardal	2	109	1
Sólvellir, Eyrarbakka	1	435	1
Öldrunarheimili Akureyrar 2 – Hlíð	10	391	7
Samtals	80		52

3. *Hvert er hlutfall þeirra sem hlotið hafa varanlega vist á hjúkrunar- og dvalarheimili og hafa færni- og heilsumat úr öðrum heilbrigðisumdæmum en viðkomandi heimili er í, sundurliðað eftir hjúkrunar- og dvalarheimilum?*

Á árunum 2014–2018 var 4.721 dvalar- eða hjúkrunarrými úthlutað á landsvísu (þar sem skráð var hvaða færni- og heilsumatsnefnd hafði afgreitt umsókn um varanlega búsetu í dvalar- eða hjúkrunarrými). Af þeim var 179 veitt rými í öðru heilbrigðisumdæmi en færni- og heilsumat var gert, eða 3,8%. Á sama tíma var 335 dvalarrýmum úthlutað, þar af var 4,3% veitt í öðru heilbrigðisumdæmi en færni- og heilsumat var gert. Á eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun eftir heimilum, annars vegar fyrir úthlutaðum hjúkrunarrýmum (tafla 3) og hins vegar fyrir úthlutaðum dvalarrýmum (tafla 4).

Tafla 3: Hlutfall úthlutaðra hjúkrunarrýma árin 2014–2018 þar sem færni- og heilsumat er framkvæmt af færni- og heilsumatsnefnd annars heilbrigðisumdæmis en hjúkrunarheimilið er í, sundurliðað á hjúkrunarheimili.

Heimili	Fjöldi úthlutaðra hjúkrunarrýma	Hlutfall veitt úr öðru heilbrigðisumdæmi
Ás, Hveragerði	89	20,2
Barmahlíð, Reykhólum	10	90,0
Blesastaðir, Skeiðum	1	0,0
Brákarhlíð Borgarnesi	45	20,0
Dalbær, Dalvík	22	4,5
Droplaugarstaðir, Reykjavík	179	0,6
Dvalarheimilið Stykkishómi	16	12,5
Eir, Reykjavík	261	1,5
Fellaskjól, Grundarfirði	7	14,3

Heimili	Fjöldi úthlutaðra hjúkrunarrýma	Hlutfall veitt úr öðru heilbrigðisumdæmi
Fellsendi, Dalasýslu	21	81,0
Garðvangur, Garði	4	0,0
Grenilundur, Grenivík	8	0,0
Grund, Reykjavík	418	2,6
Hamrar, Mosfellsbæ	58	0,0
HSU – Höfn, Hornafirði	47	6,4
HSU – Selfossi	53	0,0
HSU – Vestmannaeyjum	22	4,5
HVEST – Patreksfirði	24	4,2
HSS Reykjanesbæ	6	0,0
Hjallatún, Vík	42	11,9
HVEST Þingeyri – Tjörn	8	0,0
Hlévangur Keflavík	1	0,0
Hornbrekka, Ólafsfirði	28	7,1
Hrafnista Boðarþing	80	2,5
Hrafnista Hlévangur	59	1,7
Hrafnista Hraunvangur	219	3,2
Hrafnista Ísafold	97	1,0
Hrafnista Laugarás	297	2,0
Nesvellir, Reykjanesbæ	100	3,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	37	0,0
HSA – Dyngja Egilsstöðum	62	0,0
HSA – Fossahlíð, Seyðisfirði	26	0,0
HSA – Neskaupstað	19	5,3
HSN Blönduósi	27	7,4
HSN Fjallabyggð	31	0,0
HSN Húsavík	51	2,0
HSN Sauðárkróki	59	1,7
Hulduhlíð Eskifirði	19	0,0
Hvammur, Húsavík	22	0,0
HVE Hólmavík	11	18,2
HVE Hvammstanga	20	5,0
HVEST – Berg, Bolungarvík	17	5,9
HVEST – Eyri, Ísafirði	60	8,3
Höfði, Akranesi	77	10,4
Ísafold, Garðabæ	59	0,0
Jaðar, Ólafsvík	11	27,3
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	18	11,1
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	24	8,3
Kumbaravogur, Stokkseyri	38	10,5
Lundur, Hellu	58	8,6
Mörk, Reykjavík	165	2,4
Naust, Þórshöfn	10	10,0
Roðasalur, Kópavogi	14	0,0
Seljahlíð, Reykjavík	34	0,0
Silfurtún, Búðardal	15	13,3
Skjól, Reykjavík	168	0,6
Skógarbær, Reykjavík	183	3,3

Heimili	Fjöldi úthlutaðra hjúkrunnarrýma	Hlutfall veitt úr öðru heilbrigðisumdæmi
Sóltún, Reykjavík	182	1,6
Sólvangur, Hafnarfirði	139	2,9
Sólvellir, Eyrarbakka	5	0,0
Sundabúð, Vopnafirði	15	0,0
Sunnuhlíð – Vigdísarholt	118	0,0
Sunnuhlíð, Kópavogi	15	0,0
Sæborg, Skagaströnd	8	0,0
Uppsali, Fáskrúðsfirði	28	0,0
Viðihlíð, Grindavík	27	11,1
Öldrunarheimili Akureyrar 1 – Lögmannshlíð	83	0,0
Öldrunarheimili Akureyrar 2 – Hlíð	209	0,5
Samtals	4.386	3,8

Tafla 4: Hlutfall úthlutaðra dvalarrýma árin 2014–2018 þar sem færni- og heilsumat er framkvæmt af færni- og heilsumatsnefnd annars heilbrigðisumdæmis en hjúkrunarheimilið er í, sundurliðað á hjúkrunarheimili.

Heimili	Fjöldi úthlutaðra dvalarrýma	Hlutfall veitt úr öðru heilbrigðisumdæmi
Ás, Hveragerði	23	13,0
Barmahlíð, Reykhólum	2	50,0
Blesastaðir, Skeiðum	6	0,0
Brákarhlíð Borgarnesi	26	11,5
Dalbær, Dalvík	24	0,0
Dvalarheimilið Stykkishómi	12	8,3
Fell, Reykjavík	4	0,0
Fellaskjól, Grundarfirði	2	0,0
Grenilundur, Grenivík	2	0,0
Grund, Reykjavík	4	0,0
Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Höfn, Hornafirði	5	20,0
Hjallatún, Vík	3	0,0
Hornbrekka, Ólafsfirði	13	0,0
Hrafnista Hraunvangur	35	5,7
Hrafnista Laugarás	4	0,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	11	0,0
HSN Blönduósi	20	5,0
HSN Sauðárkróki	17	0,0
Hvammur, Húsavík	21	0,0
Höfði, Akranesi	31	0,0
Jaðar, Ólafsvík	8	0,0
Kirkjuhovoll, Hvolsvelli	1	0,0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	5	40,0
Lundur, Hellu	3	0,0
Silfurtún, Búðardal	5	0,0
Sólvellir, Eyrarbakka	16	0,0
Sæborg, Skagaströnd	1	0,0
Uppsali, Fáskrúðsfirði	8	0,0
Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð	23	0,0
Samtals	335	4,2

4. *Hversu margir þeirra, sem hafa færni- og heilsumat og eru á biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrými, liggja á legudeildum heilbrigðisstofnana, þar á meðal Landspítala? Hvert er hlutfall legudaga þessara einstaklinga af heildarlegudögum viðkomandi legudeilda frá síðastliðnum áramótum?*

Fjöldi þeirra einstaklinga sem voru með gilt færni- og heilsumat og biðu á Landspítala eftir varanlegu hjúkrunarrými voru að meðaltali 44 einstaklingar frá janúar og út nóvember árið 2019 og nýtti 9,8% þeirra legudaga sem nýttir voru á viðkomandi deildum á þeim tíma. Þetta er fyrir utan þá sem dvelja í biðrymum á Vífilsstöðum sem eingöngu eru ætluð til þeirrar starfsemi en það eru 44 rými og eru fullnýtt.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var fjöldi þeirra einstaklinga sem voru með gilt færni- og heilsumat í bið eftir varanlegu hjúkrunarrými að meðaltali 4,4 á hverjum tíma frá janúar og út nóvember árið 2019 og nýtti 3,35% þeirra legudaga sem nýttir voru á viðkomandi deildum á þeim tíma.

Ekki var unnt að kalla þessar upplýsingar fram á öðrum heilbrigðisstofnunum og voru þær því beðnar um punktstöðu 12. desember sl. með tilliti til fjölda inniliggjandi einstaklinga á biðlista eftir varanlegu hjúkrunar- eða dvalarrými og hlutfalli þeirrar nýtingar rúma á heildarfjölda rúma á viðkomandi stofnun.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru þrjú einstaklingar inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það nýtingu 15,4% rúma á þar.

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi voru átta einstaklingar inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það 28,6% nýtingu rúma þar.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði var einn einstaklingur inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það 6,7% nýtingu rúma þar.

Á Heilbrigðisstofnun Norðurlands var einn einstaklingur inniliggjandi á Húsavík og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það 12,5% nýtingu rúma þar og á Sauðárkróki voru þrjú inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými sem samsvaraði 42,8% nýtingu rúma þar.

Á Heilbrigðisstofnun Austfjarða var einn einstaklingur inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það 4,3% nýtingu rúma þar.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands voru þrjú einstaklingar inniliggjandi á Selfossi og á biðlista eftir hjúkrunarrými og samsvaraði það 16,7% nýtingu rúma þar og í Vestmannaeyjum voru þrjú inniliggjandi og á biðlista eftir hjúkrunarrými sem samsvaraði 20% nýtingu rúma þar.